

Ísafjarðarbær
Turnhúsið, Neðstakaupstað
400 Ísafirði



Reykjavík, 10. júlí 2020
Tilvísun: 2020070037
SG/
Tilv. ykkar:

Efni: Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði, Búðavík - Mjólká- umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin, sækir hér með um framkvæmdaleyfi til byggingar Vestfjarðavegar frá Búðavík í Dynjandisvogi að Mjólká.

Lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og var frummatsskýrsla lögð fram til Skipulagsstofnunar 16.mars 2020. Álit Skipulagsstofnunar á framkvæmdinni liggur fyrir, dagsett 3. júlí 2020. Í matsskýrslu er gerð grein fyrir heildarframkvæmdinni á byggingu heilsársvegar yfir Dynjandisheiði frá Hörgsnesi í Vatnsfirði, um Dynjandisheiði og langleiðina að Mjólká í Borgarfirði ásamt nýjum Bíldudalsvegi.

Í matsskýrslu er gerð grein fyrir tveimur valkostum frá Búðavík upp úr Dynjandisvogi, leið D og F. Gera þarf breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna breytinga á veglínu Vestfjarðavegar á þeim hluta.

Í þessari umsókn er einungis sótt um framkvæmdaleyfi fyrir hluta heildarframkvæmdarinnar sem kynnt er í matsskýrslu, þ.e. frá Búðavík um Meðalnes langleiðina að Mjólká. Sú framkvæmd er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ísafjarðarbæjar og er óháð þeim valkostum sem lagðir hafa verið fram frá Búðavík upp úr Dynjandisvogi. Á meðfylgjandi yfirlitsupprætti má sjá fyrirhugaða framkvæmd og samhengi hennar við valkosti í matsskýrslu.

Vegagerðin mun taka afstöðu til leiðavals í tengslum við aðalskipulagsbreytingu vegna Vestfjarðavegar í Ísafjarðarbæ.

Matsskýrslu Vegagerðarinnar má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar á heimasíðu þeirra. Þar er nánar gerð grein fyrir ákvæðum og vinnutilhögun.

<http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/umhverfismat/matsskyrslur/vestfjardavegur-60-um-dynjandisheidi-og-bildudalsvegur-63-fra-bildudalsflugvelli-matsskyrsla>

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur um sunnanverða Vestfirði, hafa jákvæð áhrif á samfélagið með því að tryggja áreiðanlegar og öruggar samgöngur á bundnu slitlagi um Vestfjarðaveg.

Framkvæmdalýsing

Á meðfylgjandi uppdráttum má sjá hvernig Vestfjarðavegur frá Búðavík (stöð 30.600) að Mjólká (35.000) verður lagður.

Vegurinn færir neðar en núverandi vegur og liggur niður að fjöru um Búðavík, Meðalnes og Mjólkárhlíð. Ný veglína tengist inn á núverandi veg áður en kemur að valkostum , D og F, á leiðarvali. Þessi framkvæmd hefur því ekki áhrif á leiðarval.

Efnistaka

Alls er gert ráð fyrir að það þurfi um 190 þús m³ af jarðefnum til framkvæmdarinnar.

Efni í framkvæmdina verður að stærstum hluta sótt í skeringar meðfram veglínunni ásamt efni frá Dýrafjarðargöngum.

Frágangur vegsvæðis

Til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildina verður almennt ekki ráðist í uppgræðslu á efnistökusvæðum eða skeringum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

Haft verður samráð við Umhverfisstofnun, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og viðkomandi landeigendur um fyrirkomulag uppgræðslu, m.a. staðarval og uppgræðsluaðferðir. Aðferðir við uppgræðslu náma og vegsvæðis munu m.a. fara eftir ríkjandi gróðurfari á svæðinu, jarðvegi, hæð yfir sjó og hvernig jarðmyndun er á svæðinu.

Vandað verður til frágangs þeirra svæða sem raskað verður við vegagerð og efnistöku. Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma. Fyrirhuguð efnistökusvæði verða í hlíðar við eða í grennd við vegsvæðið. Til að draga úr sjónrænum áhrifum verða efnistökusvæðin löguð sem best að óhreyfðu landi við frágang.

Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verða sléttuð í samræmi við landslag og halla umhverfis þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu. Halli fláa á grónum svæðum mun ekki verða brattari en 1:2 og þannig verður reynt að tryggja að náttúrulegur gróður geti náð sér á strik. Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða aðlagðar að landinu í kring og gerðar ávalar. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist tjarnir í skeringum. Allur frágangur verður í samráði við landeigendur og eftirlitsaðila frá Umhverfisstofnun.

Framkvæmdatími og áfangaskipting

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist í ágúst 2020 og að framkvæmdatími verði 1 til 2 ár. Í tillögum að samgönguáætlun fyrir 2020-2024 sem lögð var fram á Alþingi í nóvember 2019 er gert ráð fyrir að 5.800 milljónum kr. sé varið í uppbyggingu Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði.

Mótvægisáðgerðir

Í matsskýrslu framkvæmdarinnar er gerð grein fyrir ýmsum mótvægisaðgerðum til að koma til móts við neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Fornleifar

Fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Mjólkárhlíð. Haft verður samráð við Minjastofnun og fornleifafræðinga áður en framkvæmdir hefjast.

Eftirtaldar fornleifar voru skráðar í og í nágrenni veglínunnar: vör/lending (1833-01), naust (1833-2), þjóðleið (1833-3), rétt (1833-4).

Fuglalíf

Vegagerðin mun hafa samráð við Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrufræðistofnun Íslands um starfsreglur varðandi tilhögun framkvæmda í grennd við arnarhreiður og æðarvarp.

Aðrar leyfisumsóknir

Í kjölfar umsóknar um framkvæmdaleyfi mun Vegagerðin sækja um leyfi til annarra leyfisveitenda:

- Umsögn og leyfi frá Minjastofnun vegna framkvæmda í námunda við fornleifar

Meðfylgjandi gögn gera nánari grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd:

- Afstöðumynd
- Yfirlitsmyndir í mælikvarða 1:4.000
- Skýringarupprættir í mælikvarða 1:10.000

Virðingarfyllt,



Sigurður Guðmundsson

Verkefnistjóri Vegagerðarinnar